



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

38. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2017



Gleði við upphaf fermingarmessu 2. apríl s.l.

Upplýsingar um dagskrá Seljakirkju í kyrruviku og um páska er á baksíðu

Fögnum og gleðjumst

Hvenær er páskadagur í ár? Fljótlega eftir jól fara margir að velta þessari spurningu fyrir sér. Páskadagur er breytilegur frá ári til árs þar sem hann fylgir gangi himintunglanna. Hann er haldinn hátíðlegur fyrsta sunnudag eftir fyrsta fullt tungl eftir vorjafndægur og getur verið allt frá 22. mars til 25. apríl. Hátíðin vitnar um þá miklu breytingu sem varð í veraldarsögunni og verður í persónulegu lífi okkar þegar við fögnum sigri lífsins. Oft er það svo að við upplifum erfiðleika í lífinu, við göngum í gegnum dimman dal þar sem erfitt getur verið að sjá fram á veginn. Í aðdraganda páska gefur fastan okkur rými til þess að veita því eftirtekt

hvernig Kristur Drottinn tókst á við þjáninguna og hvernig hann gekk sína píslargöngu. En á páskum fögnum við og gleðjumst því hann er upprisinn, hann sigraði dauðann, lífið hafði betur. Þessi staðreynd breytti og breytir enn öllu. Hún gefur okkur þá fullvissu að lífið er sterkara er dauðinn, að ljósið er myrkrinu yfirsterkara og vonin og gleðin sem trúin á hinn upprisna frelsara gefur okkur er umbreytandi. Við fögnum því og gleðjumst enn á ný þegar páskadagur rennur upp, Kristur er upprisinn og mun leiða þig til lífs með Guði. Gleðilega páska!

Bryndís Malla Elíðóttir



Barnakórinn

Það hefur verið bjart yfir starfi barnakórsins í vetur. Um 60 stúlkur taka nú þátt í starfi kórsins sem syngur undir styrki stjórn Rósalindar Gísladóttur. Að venju hefur kórinn sungið við barnaguðsþjónustur í kirkjunni í vetur en auk þess hefur verið stór þáttur í vetrarstarfinu að undirbúa ferðalag til Ítalíu næsta sumar. Þar mun kórinn koma fram á nokkrum stöðum og meðal annars syngja tónverk á latínu. Fjáraflanir hafa verið með fjölbreyttu sniði og ein slík verður þegar kórinn heldur sína árlegu vortónleika. Að þessu sinni verða þeir 30. apríl og hefjast kl. 16. Að loknum tónleikum verður boðið upp á ýmsan varning til styrktar ferðinni.

Morgunverður að lokinni guðsþjónustu á páskadagsmorgni

Að venju verður hátíðarguðsþjónusta að morgni páskadags kl. 8. Að lokinni guðsþjónustu mun sóknarnefnd bjóða til morgunverðarhlaðborðs í safnaðarheimili kirkjunnar. Allir eru hjartanlega velkomnir til kirkjunnar að fagna og gleðjast á helgri hátíð.

KUSK

Það er mikið metnaðarmál að safnaðarstarfið í Seljakirkju sé fjölbreytt og höfði til sem flestra. Barna- og æskulýðsstarfið hefur verið í miklum blóma í vetur og verið ákaflega fjölsótt. Til að ná enn frekar til eldri ungmenna var sett á stofn í tilraunaskyni, sérstakt félag fyrir 16 - 20 ára sem nefnist kristilegt ungmennastarf Seljakirkju (KUSK). Hefur þessi tilraun gefist vel og því ljóst að áframhald verður á starfseminni næsta vetur.



Barnakór Seljakirkju ásamt stjórnandanum, Rósalind Gísladóttur.

Menningarvaka eldri borgara - 25. apríl

Eins og undanfarin ár hefur síðasti þriðjudagur í mánuði yfir vetrarmánuðina verið með menningarlegu sniði í Seljakirkju. Þá hefur eldri borgurum verið boðið til fjölbreyttrar dagskrár, sem er sambland af tali og tónum. Síðasta menningarvaka þessa vetrar verður þriðjudaginn 25. apríl. Þá mun **Guðrún Björt Yngvadóttir, verðandi alþjóðforseti Lionshreyfingar**, flytja erindi og segja frá starfi sínu. Hinn kunnhi stórsöngvari **Egill Ólafsson** mun svo flytja okkur tónlistina við undirleik **Jónasar Þóris**, píanóleikara. Að lokinni samveru

verður gengið í safnaðarsalinn þar sem nýtt verður máltíðar að hætti Lárusar Loftssonar, sem verður með sérlega glæsilegum hætti að þessu sinni, þar sem þetta er í síðasta sinn sem Lárus mun sjá um veitingarnar, því hann hefur nú selt veitingaþjónustuna sem hann hefur rekið undanfarna áratugi. Er honum þakkað það dýrmæta starf sem hann hefur lagt til þessara samvera sem allir hafa notið svo vel. Menningarvökurnar byrja svo aftur þriðjudaginn 26. september næstkomandi og er þegar byrjað undirbúa dagskrá næsta vetrar.

Kirkjureið og guðsþjónusta hestafólks - 7. maí

Allt frá árinu 2000 hefur það verið árlegur viðburður á hverju vori að hestamenn koma ríðandi til guðsþjónustu í Seljakirkju. Að þessu sinni fer kirkjureiðin fram sunnudaginn 7. maí. Safnast verður saman í hesthúsahverfunum í Víðidal, Almannadal, Andvaravöllum, Heimsenda og Gustssvæðinu og ríðið saman til kirkjunnar. Hestunum er komið fyrir í traustu gerði sem sett er

upp á bílastæði kirkjunnar á meðan messan fer fram. Guðsþjónustan hefst kl. 14 og mun **sr. Valgeir Ástráðsson fyrrverandi sóknarprestur prédika**, Brokk-kórinn, undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar leiðir söng. Að lokinni guðsþjónustu verður efnt til messukaffis áður en haldið er aftur heim á leið. Allir eru hjartanlega velkomnir til guðsþjónustunnar, hvort sem fólk kemur á hesti eða ekki.



Sumarnámskeið í Seljakirkju

Síðastliðið sumar voru endurvakin sumarnámskeiðin í Seljakirkju, sem eru leikjanámskeið fyrir 6 - 10 ára gömul börn. Vel tókst til með námskeiðin þannig að ákveðið hefur verið að halda uppteknum hætti og bjóða upp á tvö vikulöng námskeið í sumar. Fyrri námskeiðið verður 12. - 16. júní og seinna námskeiðið verður @@19. - 23. júní. Dagskráin stendur frá kl. 9 - 16 og er þátttökukostnaður 7.500 kr. fyrir vikuna.

Skráning fer fram hjá Steinunni Önnu Baldvinsdóttur, æskulýðsfulltrúa kirkjunnar, sem hefur netfangið steinunn@seljakirkja.is.

Vetrarlok barnastarfsins

Eins og venja er fara flestir hefðbundnir þættir safnaðarstarfsins í frí yfir sumarmánuðina. Leikjafjör og unglingsstarf KFUM & KFUK er þegar komið í sumarfrí og tekur upp þráðinn þegar skólar byrja í haust. Kristilegt ungmennastarf Seljakirkju (KUSK) fyrir 16 - 20 ára lýkur sinni starfsemi 25. apríl næstkomandi. Síðasta samvera foreldramorgna verður 30. maí. Síðasta barnaguðsþjónusta þessa vetrar verður á páskadag, 17. apríl, sem er jafnframt síðasti sunnudagur í vetri. Barnakórinn lýkur sínum vetri með árlegum vortónleikum sem verða



Safnaðartiðindi Seljasóknar
38. árg. 1. tbl. Þáskar 2017

Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík, s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.

Aðalfundur Seljasóknar - 14. maí

Vilt þú starfa í sóknarnefnd og vera þátttakandi í að móta starf safnaðarins? Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar verður haldinn strax að lokinni guðsþjónustu 14. maí kl. 11. Þá verður farið yfir starf vetrarins og horft fram á veginn, hvernig gera megi gott kirkjustarf enn betra. Einnig

verður kosið í sóknarnefnd og eru þau sem eru áhugasöm um störf nefndarinnar og safnaðarstarfið hvött til þátttöku á fundinum. Einnig má setja sig í samband við formann sóknarnefndar Guðmund Gíslason sem veitir allar nánari upplýsingar.

Uppstigningardagur – dagur eldri borgara - 25. maí

Í mörg ár hefur uppstigningardagur verið tileinkaður eldri borgurum í kirkjum landsins og þeim sérstaklega boðið til guðsþjónustu. Að þessu sinni ber uppstigningardag upp þann 25. maí og verður þá guðsþjónusta í Seljakirkju kl. 14. **Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni** og framkvæmdastjóri eldri borgararáðs Reykjavíkurprófestsdæma prédikar og sr. Bryndís Malla Elísdóttir þjónar fyrir altari, kór Seljakirkju leiðir

safnaðarsöng og organisti verður Tómas Guðni Eggertsson. Að lokinni guðsþjónustu munu konur í Kvenfélagi Seljasóknar bjóða öllum kirkjugestum í veglegt kaffihlaðborð að lokinni guðsþjónustu. Þar verður ljúft samfélag þar sem organistinn mun stýra almennum söng. Að venju verður boðið upp á akstur til kirkjunnar og þarf einungis að hringja í síma 567 0110 til að fá bílfar, bæði til og frá kirkju.

Sumarmessur eru morgunmessur

Eins og mörg undanfarin ár breytist guðsþjónustutíminn í Seljakirkju í sumar. Frá og með 14. maí og fram til loka ágúst mánaðar verða guðsþjónustur í Seljakirkju á

sunnudagsmorgnum kl. 11. Það er ljúft að byrja vikuna í kirkjunni, í bæn fyrir nýrri viku og þökk fyrir allar góðar Guðs gjafir.

Gengið á milli kirkna - samstarfsverkefni Breiðholtssafnaða

Í sumarbyrjun sameinast söfnuðirnir í Breiðholtinu í hinum árlegu göngumessum. Þá er gengið milli kirknanna til sameiginlegrar guðsþjónustu og að messu lokinni er messukaffið orðið ómissandi. Göngumessurnar hefjast sunnudaginn 11. júní, þá verður safnast saman við Breiðholtskirkju kl. 10 og gengið yfir í Seljakirkju þar sem messa hefst kl. 11. Sunnudaginn 18. júní verður gengið frá Seljakirkju kl. 10 til messu í Fella-

og Hólakirkju. Hringnum verður síðan lokað sunnudaginn 25. júní þegar gengið verður frá Fella- og Hólakirkju kl. 10 niður í Breiðholtskirkju þar sem messa hefst kl. 11. Boðið verður upp á rútuferð til baka að upphafsreit að loknu messukaffinu. Göngumessurnar gefa gott tækifæri til þess að hitta vini og kunningja í nágretta kirkjunum og njóta útiverunnar í fallettu umhverfi.

Guðsþjónustur í Seljakirkju í kyrruviku og um páska

9. apríl

pálmasunnudagur

kl. 11

Barnaguðsþjónusta

Regína Ósk og Sveinn leiða samveruna.

kl. 10.30

Fermingarmessa

Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

13. apríl

skírdagur

kl. 13.30

Fermingarmessa

Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar

14. apríl

föstudagurinn langi

kl. 11

Guðsþjónusta

Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

16. apríl

páskadagur

kl. 8

Hátíðarguðsþjónusta

Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar.

Einar St. leikur á trompet.

Að lokinni guðsþjónustu býður sóknarnefnd til morgunverðar í safnaðarheimili kirkjunnar.

kl. 11

Fjölskylduguðsþjónusta

Umsjón: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.

Barnakór kirkjunnar syngur

undir stjórn Rósalindar Gísladóttur.

kl. 11

Guðsþjónusta í Skógarbæ

Sr. Bryndís Malla Elídóttir prédikar.

17. apríl

annar páskadagur

kl. 13.30

Fermingarmessa

Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar.
Organisti er Tómas Guðni Eggertsson.